

SKÁKLÖG SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

I. kafli Gildissvið

1. grein. Gildissvið

Skáklög þessi gilda um skákmót á vegum Skáksambands Íslands (SÍ) og aðildarféлага þess og önnur verkefni SÍ eftir því sem nánar greinir í skáklögunum.

II. kafli Skákreglur og skákstjórn

2. grein. Skákreglur

Skákreglur Alþjóða skáksambandsins (FIDE) gilda í sérhverri skákkeppni á vegum SÍ og aðildarféлага innan þess ef reikna á mótið til alþjóðlegra skákstiga.

3. grein. Skákstjórn og úrlausn ágreiningsmála

Fyrir hverja skákkeppni sem SÍ eða aðildarfélag þess sjá um framkvæmd á skal skipaður skákstjóri sem annast stjórn keppinnar og úrskurðar um deiluatríði. Úrskurður skákstjóra er endanlegur, nema um sé að ræða ágreiningsefni sem skjóta má til dómstóls SÍ samkvæmt lögum og reglum SÍ. Enn fremur getur mótshaldari ákveðið að hafa áfrýjunarnefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða ákvarðanir skákstjóra en þá skal getið um það í mótssreglum.

Dómstóll SÍ hefur úrskurðarvald vegna ágreinings um framkvæmd skákлага þessara.

III. kafli Skákmót á vegum SÍ

4. grein. Almenn ákvæði um skákmót á vegum SÍ

a. Skákmót sem SÍ heldur

SÍ skal árlega standa fyrir eftirtöldum mótum:

1. Skákþing Íslands. Keppni á Skákþingi Íslands skiptist í landsliðsflokk, áskorendaflokk, Íslandsmót kvenna (landslíðsflokk kvenna), barna- og ungmennaflokka og Íslandsmót öldunga.
2. Hraðskákmót Íslands.
3. Atskáksmót Íslands.
4. Íslandsmót skákfélaga

b. Tímamörk

Stjórn SÍ ákveður tímamörk (umhugsunartíma) á skákmótum á vegum sambandsins í samræmi við reglur FIDE. Tímamörk skulu auglýst um leið og dagsetningar móta og fyrirkomulag þeirra að öðru leyti.

c. Úrlausn um röð keppenda

Stjórn SÍ ákveður hvernig skorið skuli úr um sigurvegara á mótum á vegum sambandsins ef tveir eða fleiri keppendur verða efstir og jafnir og kynnir reglur þar að lútandi með góðum fyrirvara fyrir mót, sbr. þó sérstakar reglur um Íslandsmót skákfélaga í 12. gr. Hið sama gildir um úrlausn um önnur sæti sem veita mikilvæg réttindi, svo sem sæti í landsliðsflokki.

d. Tímasetning móta og skörun milli flokka

Þegar keppni í einstökum flokkum á Skákþingi Íslands er tímasett skal þess gætt að flokkar sem sami keppandi á þátttökurétt í rekist ekki á. Keppni í kvennaflokki skal því ekki fara fram á sama tíma og keppni í áskorendaflokki og ekki heldur á sama tíma og keppni í landsliðsflokki ef konur eiga keppnisrétt þar. Þá skal Ungmennameistaramót Íslands að jafnaði fara fram síðar en keppni í yngri aldursflokkum ár hvert, enda ávinna sigurvegarar þeirra sér keppnisrétt á ungmennameistaramótinu skv. 8. gr. Heimilt er að víkja frá þessu ef mismunandi aldursflokkar tefla í sama móti, sbr. 5. mgr. 8. gr.

e. Þátttökuréttur og Íslandsmeistaratign

Þátttökuréttur á mótum á vegum SÍ er almennt ekki skilyrtur við íslenskan ríkisborgararétt. Þó getur sá einn hlotið Íslandsmeistaratign sem hefur heimild til að vera fulltrúi Íslands á alþjóðlegum mótum. Um þátttökurétt erlendra ríkisborgara í Íslandsmóti skákfélaga fer eftir ákvæðum 12. gr.

Leiki vafi á um rétt keppenda til þátttöku í einstökum mótum eða flokkum sker stjórn SÍ úr, sbr. þó 12. gr. um úrlausn um keppnisrétt á Íslandsmóti skákfélaga. Skjóta má ákvörðunum stjórnarinnar þar að lútandi til dómstóls SÍ. Eftir því sem mögulegt er skulu stjórn SÍ og dómstóll SÍ leitast við að tryggja að niðurstöður um álitafni af þessu tagi liggi fyrir áður en mót hefjast.

f. Þátttökugjöld og verðlaun

Stjórn SÍ ákveður hverju sinni þátttökugjöld og verðlaun á mótum á vegum sambandsins.

5. grein. Landsliðsflokkur Skákþings Íslands

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í landsliðsflokki:

1. Þrír efstu menn í landsliðsflokki á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í fjórða sæti.
2. Tveir efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
3. Þrír stigahæstu menn landsins, miðað við virk skákstig, aðrir en þeir sem falla undir lið 1 eða 2, og til vara þeir tveir sem næstir þeim eru að stigum.
4. Ungmennameistari Íslands.
5. Aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Stjórn SÍ skal a.m.k. tveimur mánuðum áður en keppni í landsliðsflokki hefst tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin. Jafnframt skal tilkynna hverjir hafi rétt til þátttöku samkvæmt töluliðum 1–3 og gefa þeim tveggja vikna frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal stjórnin hafa valið þá sem hún býður til þátttöku. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafrestum.

Við val á keppendum samkvæmt 5. tölulið hér að framan, skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn SÍ hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki og áskorendaflokki í eitt mót.

Sigurvegari í landsliðsflokki Skákbings Íslands hlýtur nafnbótina *skákmeistari Íslands*.

6. grein. Áskorendaflokkur Skákbings Íslands

Áskorendaflokkur skal opinn öllum sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki.

Að jafnaði skulu tefldar níu umferðir eftir svissnesku kerfi en ef þátttakendur eru færri en 20 má fækka umferðum. Stjórn SÍ skal með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara tilkynna hvar og hvenær flokkurinn fari fram. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafresti.

Tveir efstu keppendur áskorendaflokks vinna sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir, sbr. einnig 5. gr.

7. grein. Íslandsmót kvenna (landslíðsflokkur kvenna)

Stjórn SÍ skal árlega ákveða fjölda keppenda og keppnisfyrirkomulag á Íslandsmóti kvenna. Síðasti Íslandsmeistari skal ávallt eiga rétt á þátttöku.

Sigurvegari í kvennaflokki hlýtur nafnbótina *Íslandsmeistari kvenna*.

8. grein. Ungmenna- og barnaflokkar

Aldursflokkaskipting barna- og ungmennaflokka er eftirfarandi:

1. 8 ára og yngri.
2. 9–10 ára.
3. 11–12 ára.
4. 13–14 ára.
5. 15–16 ára.
6. 17–22 ára (Ungmennameistaramót Íslands).

Aldur keppenda miðast við almanaksárið.

Sigurvegari hvers aldursflokks er krýndur *Íslandsmeistari* í flokknum. Auk þess er efsta stúlkan í hverjum aldursflokki krýnd *Íslandsmeistari stúlkna* og efsti drengurinn *Íslandsmeistari drengja* í aldursflokknum. Sigurvegari í flokki 17–22 ára er krýndur *ungmennameistari Íslands*.

Ungmennameistari Íslands á rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir, sbr. einnig 5. gr. Íslandsmeistarar í flokkum 11–12 ára, 13–14 ára og 15–16 ára fá þátttökurétt í elsta flokknum, þ.e. Ungmennameistaramóti Íslands. Að öðru leyti hafa keppendur einungis þátttökurétt í þeim flokkum sem þeir falla í vegna aldurs þeirra.

Stjórn SÍ getur við sérstakar aðstæður látið mismunandi aldursflokka tefla í sama móti. Íslandsmeistarar skulu þó alltaf krýndir fyrir hvern flokk.

9. grein. Íslandsmót öldunga

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.

Sigurvegari hlýtur nafnbótina *Íslandsmeistari öldunga*.

10. grein. Hraðskákmót Íslands

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.

Sigurvegari hlýtur nafnbótina *hraðskákmeistari Íslands*.

11. grein. Atskákmót Íslands

Stjórn SÍ ákveður tímasetningu og fyrirkomulag hverju sinni og sér um framkvæmd mótsins.

Sigurvegari hlýtur nafnbótina *atskákmeistari Íslands*.

12. grein. Íslandsmót skákfélaga

a. Almennt um Íslandsmót skákfélaga og þátttöku liða á mótinu

Stjórn SÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti skákfélaga. Keppnin er sveitakeppni og eiga öll skuldlaus taflfélög eða svæðasambönd innan SÍ þátttökurétt. Þá er félögum heimilt að sameinast um eina eða fleiri sveitir. Tilkynning um þátttöku sveita á mótinu skal berast stjórn SÍ í síðasta lagi 20 dögum fyrir upphaf mótsins. Stjórn SÍ skal ákveða keppnisdaga og þátttökugjöld fyrir 1. september ár hvert.

b. Skipting í deildir og fjöldi borða

Keppninni skal skipt í fimm deildir, þ.e. úrvalsdeild og 1.–4. deild. Sex sveitir skulu vera í úrvalsdeild en átta sveitir í 1.–3. deild. Stjórn SÍ hefur þó rétt til að fjölga sveitum í 3. deild þygi henni ástæða til. Fjöldi sveita í 4. deild er ótakmarkaður nema stjórn SÍ telji af sérstökum ástæðum þörf á að takmarka fjölda þeirra. Teflt skal á átta borðum í úrvalsdeild en á sex borðum í öðrum deildum. Tefld er tvöföld umferð í úrvaldsdeild en einföld umferð í öðrum deildum. Stjórn SÍ getur ákveðið annað keppnisfyrirkomulag í 3. og 4. deild ef það þykir henta betur miðað við fjölda þátttökusveita.

[Sérákvæði vegna stofnunar úrvalsdeildar

Keppnisárið 2021–2022 skulu deildirnar skipaðar á eftirfarandi hátt miðað við keppnisárið 2019–2021:

1. Úrvalsdeild: Sex efstu sveitir 1. deildar.
2. 1. deild: Sveitirnar úr 7.–10. sæti í 1. deild og í 1.–4. sæti í 2. deild.
3. 2. deild: Sveitirnar úr 5.–8. sæti úr 2. deild og 1.–4. sæti úr 3. deild.
4. 3. deild: Sveitirnar úr 5.–9. sæti úr 3. deild og þrjár efstu sveitirnar úr 4. deild.
5. 4. deild: Aðrar sveitir.

Sérákvæði þessi falla út úr lögunum eftir að keppni hefst á grundvelli þess fyrirkomulags sem þar er lýst.]

c. Liðsstig og röðun sveita. Íslandsmeistari skákfélaga

Tvö liðsstig fást fyrir sigur í viðureign sveita og eitt fyrir jafntefli. Samanlagður fjöldi liðsstiga skal ráða úrslitum um endanlega röð sveita í öllum deildum. Verði liðsstig jöfn skal samanlagður fjöldi vinninga ráða.

Efsta sveit í úrvalsdeild er sigurvegari keppinnar. Félagið sem stendur að þeirri sveit hlýtur sæmdarheitið *Íslandsmeistari skákfélaga*.

d. Færsla sveita milli deilda

Efsta sveit 1. deildar og tvær efstu sveitir 2.–4. deildar færast upp um deild í lok keppnistímabils en neðsta sveit úrvalsdeildar og tvær neðstu sveitir 1.–3. deildar færast niður. Sveit sem hefur áunnið sér rétt til að fara upp í efri deild getur þó afþakkað það. Jafnframt getur sveit óskað eftir því að vera færð niður um deild þó að hún hafi unnið sér inn rétt til áframhaldandi veru í þeirri deild sem hún á sæti. Í reglugerð um Íslandsmót skákfélaga skal kveðið á um hvaða sveitum skuli boðið sæti þeirra sem kjósa að flytjast niður um deild eða að fara ekki upp um deild.

e. Keppendaskrá SÍ, keppnisréttur og ágreiningur um lögmæti keppenda

SÍ heldur keppendaskrá vegna Íslandsmóts skákfélaga. Sérstök reglugerð lýsir keppendaskránni og reglum um skráningu í hana.

Keppendur skulu vera skráðir í keppendaskrá SÍ sem félagsmenn þeirra taflfélaga sem þeir tefla fyrir. Aðeins þeir sem eru í keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga. Þó eru þeir skákmenn sem eru án alþjóðlegra kappskákstiga og ekki skráðir í taflfélag undanþegnir því að þurfa að vera í keppendaskránni.

Vilji skákmaður skipta um félag og tefla fyrir hönd hins nýja félags í Íslandsmóti skákfélaga skal hann senda tilkynningu um það til stjórnar SÍ að lágmarki 20 dögum fyrir upphaf mótsins. Ella getur hann ekki teflt fyrir sitt nýja félag þar.

Athugasemdir vegna keppendaskrárinnar skulu hafa borist stjórn SÍ viku fyrir mót og stjórnin úrskurða um þær í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Ef mótinu er skipt í fleiri en einn hluta er skákmönnum með lögheimili á Íslandi og Íslenskum ríkisborgurum sem eru búsettir erlendis heimilt að ganga í taflfélag þar á milli og tefla fyrir hönd þess á síðari stigum mótsins, að því gefnu að þeir hafi ekki teflt fyrir annað taflfélag á fyrri stigum þess. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutann.

Í hverri viðureign má að hámarki helmingur liðsmanna hveirrar sveitar vera erlendir ríkisborgarar. Erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili á Íslandi síðustu tólf mánuði fyrir keppni skulu þó njóta sama réttar og íslenskir ríkisborgarar að þessu leyti.

f. Styrkleikaröðun

Raða skal keppendum í sveitir og borð eftir styrkleika. Fyrir upphaf 1. umferðar Íslandsmóts skákfélaga skulu félögin skila inn styrkleikaröðuðum lista allra þeirra keppenda sem þau hyggjast senda til keppni. Ekki er leyfilegt að breyta þeirri röð eftir að keppni hefst. Keppandi getur flust upp eða niður um sveit hvenær sem er keppinnar en heildarröð keppenda skal haldast óbreytt.

g. Úrlausn ágreiningsmála um lögmæti keppenda o.fl.

Stjórn SÍ skal árlega skipa sérstaka mótsstjórn sem sker úr um lögmæti keppenda ef beiðni um athugun á því berst henni eða kæra þar að lútandi. Slík beiðni eða kæra skal berast mótsstjórn, eða skákstjórum fyrir hennar hönd, innan 48 klukkustunda eftir lok þeirrar umferðar sem viðkomandi keppandi tefldi í.

Mótsstjórn skal kynna framkomna kæru eða beiðni því félagi sem tefldi fram keppandanum og gefa félaginu stuttan frest til að koma fram andmælum. Úrskurður skal liggja fyrir innan 48 tíma frá því beiðni eða kæra barst.

Úrskurðir mótsstjórnar skulu rökstuddir og afrit þeirra afhent báðum málsaðilum innan klukkustundar eftir að þeir eru kveðnir upp. Ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur skal viðkomandi viðureign tapast 2-6 hið minnsta þegar um er að ræða 8 manna lið en 1,5-4,5 þegar um er að ræða 6 manna lið. Tapist viðureignin enn stærra standa þau úrslit og skal skák ólöglegs keppenda ávallt teljast töpuð. Úrskurði mótsstjórnar má skjóta til dómstóls SÍ og skulu slík erindi hafa verið send dómstólnum innan þriggja sólarhringa frá því að úrskurður mótsstjórnar féll. Dómur dómstóls SÍ skal liggja fyrir eigi síðar en fimm sólarhringum eftir að erindið berst honum.

Skákstjóri úrskurðar um önnur vafaatriði en þau sem hér voru tilgreind.

h. Afleiðingar forfalla liða

Komi lið ekki til keppni án ásættanlegra orsaka að mati skákstjóra tapar það skákum á öllum borðum. Komi slíkt fyrir tvisvar skal liðið dæmt úr keppninni.

i. Reglugerð um Íslandsmót skákfélaga

Stjórn SÍ setur reglugerð um nánari framkvæmd Íslandsmóts skákfélaga.

IV. kafli Skákstig, málefni landsliða o.fl.

13. grein. Skákstig

Stjórn SÍ sér til þess að upplýsingum um árangur keppenda á mótum á vegum sambandsins og aðildarféлага þess sem reikna skal til alþjóðlegra skákstiga sé komið mánaðarlega til FIDE til útreiknings. Þetta gildir um kappskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra kappskákstiga, atskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra atskákstiga og hraðskákmót sem reikna skal til alþjóðlegra hraðskákstiga. Stjórn SÍ getur sett reglur um hvaða skilyrði skákmót þurfa að uppfylla til að vera tekin til útreiknings, enda samræmist þær reglum FIDE.

14. grein. Málefni landsliða og afreksfólks

Stjórn SÍ skal skipa landsliðseinvald bæði í opnum flokki og í kvennaflokki. Landsliðseinvaldarnir skulu annast val á landsliði Íslands í skák hverju sinni.

Skákmeistari Íslands skal ávallt eiga sæti í landsliði Íslands í opnum flokki og Íslandsmeistari kvenna í kvennalandsliði Íslands. Skákmeistari Íslands skal hafa rétt til að tefla fyrir Íslands hönd í undankeppni heimsmeistaramóta (nú EM einstaklinga). Að öðru leyti hafa landsliðseinvaldar frjálsar hendur um val á keppendum og taka á því fulla ábyrgð í samræmi við gildandi keppnis- og agareglur SÍ. Stjórn SÍ skal veita landsliðseinvöldum viðeigandi stuðning í þeirra störfum.

Stjórn SÍ skal tryggja að skákmenn sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slík mót á vegum sambandsins fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum. Yfirumsjón og skipulagning þessarar þjálfunar er í höndum landsliðseinvalda.

15. grein. Gildistaka

Tillaga laganefndar SÍ, skáklög SÍ, apríl 2021

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra eru eldri skáklög sambandsins úr gildi fallin.

Greinargerð með tillögu að nýjum skáklögum SÍ

Stjórn Skáksambands Íslands (SÍ) starfsárið 2020–2021 ákvað að skipa laganefnd sem fengi það hlutvert að yfirfara og endurskoða á lög og reglur sambandsins. Nefndina skipuðu Þorsteinn Magnússon formaður, Helgi Brynjarsson, Helgi Áss Grétarsson, Ólafur Evert Úlfsson og Veronika Steinunn Magnúsdóttir. Nefndin fór á heildstæðan hátt yfir skáklögin og leggur til að samþykkt verði ný skáklög, sbr. þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Ekki eru lagðar til stórfelldar efnislegar breytingar, heldur snúa þær breytingar sem lagðar eru til einkum að breyttri framsetningu laganna, í því skyni að gera hana skýrari en áður. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru þessar:

- Breytt er orðalagi varðandi málskot til dómstóls SÍ eða eftir atvikum áfrýjunarnefndar. Felld er út setning um að áfrýjunarnefnd á móti komi í stað dómstólsins (3. gr.).
- Bætt verði inn upptalningu á þeim mótum sem SÍ skal halda ár hvert og þær almennu reglur sem um þau gilda verði dregnar saman í eina grein (4. gr.). Þar eru talin upp sömu mót og getið er um í gildandi lögum, auk Íslandsmóts öldunga. Þarna eru einungis talin upp þau mót sem sambandinu verði skylt að halda ár hvert en sambandið getur að sjálfsögðu áfram staðið fyrir fleiri mótum þótt það verði ekki skylt.
- Í stað þess að tala um unglingsflokka og Unglingameistaramót Íslands verði vísað til ungmennaflokka og mótið nefnt Ungmennameistaramót Íslands. Við þessar breytingar er horft til þess að umræddir aldursflokkar ná alveg upp í 22 ára aldur (ýmis ákvæði).
- Bætt verði við ákvæðum um Íslandsmót öldunga (a-liður 4. gr. og 9. gr.).
- Bætt verði inn ákvæði sem ætlað er að tryggja að keppni í einstökum flokkum Skákþings Íslands þar sem sami keppandi á keppnisrétt rekist ekki á, svo sem kvennaflokkur og áskorendaflokkur og eftir atvikum landsliðsflokkur (d-liður 4. gr.).
- Bætt verði inn ákvæði í e-lið 4. gr. þess efnis að stjórn og dómstóll SÍ skuli leitast við að tryggja að niðurstöður um þátttökurétt á mótum liggi fyrir áður en mót hefjast.
- Í 5. gr. sem varða landsliðsflokk verði leiðrétt villa sem er í gildandi lögum varðandi var stjórnar SÍ á keppendum í landsliðsflokk.
- Tilgreindir verði þeir titlar (Íslandsmeistararitlar) sem í boði eru á hverju móti (ýmsar greinar).
- Fallið verði frá því að hafa það fortakslaust skilyrði að tefldar séu níu umferðir í áskorendaflokki ef keppendur eru 20 eða fleiri. Þessi í stað verði kveðið á um að það sé þannig „að jafnaði“ (6. gr.).
- Tekið verði fram í 8. gr. að sigurvegari hvers aldursflokks sé krýndur Íslandsmeistari og jafnframt að efsta stúlka verði Íslandsmeistari stúlkna og efsti drengur Íslandsmeistari drengja. Þannig verði gætt jafnræðis milli kynja við úthlutun titla og verðlauna en jafnframt veittur Íslandsmeistaratitill fyrir sigur í heildarkeppni hvers aldursflokks.

- Í stað þess að fyrirkomulag Atskákmóts Íslands sé bundið í skáklögin verði lagt í hendur stjórnar SÍ að ákveða það, líkt og gildir um Hraðskákmót Íslands (11. gr.).
- Ákvæðum um Íslandsmót skákfélaga er safnað saman og þeim endurraðað í kaflaskipta 12. gr. í því skyni að gera framsetningu skýrari. Efnislegum breytingum á reglum um keppnina er haldið í lágmarki.
- Í stað núgildandi ákvæðis um að átta sveitir séu í 4. deild er lagt til að fjöldinn þar verði ótakmarkaður nema stjórn SÍ telji af sérstökum ástæðum þörf á að takmarka hann. Felld verði út heimild stjórnar SÍ til að fækka sveitum í 3. deild, enda vandséð að þörf sé á slíkri heimild (b-liður 12. gr.).
- Ákvæði um keppendaskrá SÍ, sem áður voru í lögum SÍ, verði færð yfir í skáklögin (e-liður 12. gr.), enda óþarfi að hafa einnig reglur um hana í lögum SÍ.
- Horfið verði frá því að vísa til fyrri og síðari hluta Íslandsmóts skákfélaga. Þar er horft til þess að með tilkomu úrvalsdeildar kann mögulega að þykja rétt að skipta keppni í henni í þrjá hluta. Gert er ráð fyrir að áfram verði fyrirkomulag mótsins nánar útfært í reglugerð.
- Ákvæði um skákstig verði uppfærð til samræmis við það að fallið hefur verið frá því að reikna íslensk skákstig sérstaklega (13. gr.).
- Í þeirri útgáfu tillögunnar sem upphaflega var kynnt var gert ráð fyrir að bætt yrði inn nýrri 15. gr. um skyldur stjórnar SÍ varðandi æskulýðsmál og útbreiðslu skákar. Eftir umræður á kynningarfundum 27. apríl var ákveðið að hverfa frá þessu, enda er gert ráð fyrir að ákvæði sem tengjast þessu verði áfram í lögum SÍ.

Skýringar með einstökum greinum tillagnanna.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt verði inn nýrri grein þar sem gildissvið skáklaganna er skilgreint á þann hátt að þau gildi um skákmót á vegum SÍ og aðildarfélaga þess og um önnur verkefni eftir því sem nánar greinir í skáklögunum. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi skáklögum. Að mati laganefndar er rétt að gildissviðið sé skilgreint í upphafi skáklaganna.

Um 2. gr.

Greinin er að stofni til samhljóða núgildandi 1. gr. og felur í sér vísan til þess að skákreglur FIDE gildi á mótum á vegum SÍ og aðildarfélaga. Þó er lagt til að orðin „nema annað sé sérstaklega auglýst“ verði felld út en þess í stað komi orðin „ef reikna á mótið til alþjóðlegra skákstiga“. Í þessu felst þó ekki mikil efnisbreyting, enda ljóst að mót verða ekki reiknuð til stiga nema alþjóðlegum skákreglum sé fylgt við framkvæmd þeirra. Þó þykir rétt að taka þetta sérstaklega fram og tengja skylduna til fylgni við reglur FIDE fremur við stigaútreikninginn en það hvernig mót eru auglýst. SÍ og aðildarfélögum er frjálst að efna til móta með óhefðbundnu sniði en þau verða ekki reiknuð til stiga nema reglum FIDE sé fylgt.

Um 3. gr.

Greinin byggist að mestu á núgildandi 2. gr., þar sem fjallað er um úrskurðarvald skákstjóra, áfrýjunarnefnd og málskot til dómstóls SÍ. Þó hafa tiltekin atriði verið umorðuð í því skyni að gera reglur um samspil þessara aðila skýrari.

Í gildandi lögum segir að úrskurður skákstjóra sé endanlegur nema um sé að ræða túlkun á skákreglum FIDE eða skáklögunum en þá geti deiluaðili áfrýjað til dómstólsins sem hafi endanlegt úrskurðarvald. Líklegast varða flestar ákvarðanir skákstjóra skákreglur FIDE eða skáklögin með einum eða öðrum hætti, en matskennt getur verið hvenær um „túlkun“ á þessum reglum er að ræða. Að mati laganeftndar er því tilvísun til þessa atriðis ekki til þess fallin að draga fram með skýrum hætti hvaða ákvörðunum sé unnt að skjóta til dómstólsins eða eftir atvikum áfrýjunarneftndar. Því er lagt til að í stað textans í gildandi skáklögum verði þetta orðað á þann veg að úrskurður skákstjóra sé endanlegur nema um sé að ræða ágreiningsefni sem skjóta má til dómstólsins samkvæmt lögum og reglum SÍ.

Í gildandi skáklögum kemur fram að ef áfrýjunarneftnd er á móti komi hún í stað dómstólsins. Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt út. Sú breyting er lögð til í ljósi ábendinga og umræðna á kynningarfundum um lagabreytingartillögur laganeftndar sem haldinn var 27. apríl.

Lagt er til að bætt verði inn nýrri setningu þess efnis að dómstóllinn hafi úrskurðarvald vegna ágreinings um túlkun skáklaganna. Um aðild að málum fyrir dómstólnum vísast til skýringa með tillögu laganeftndar að nýjum lögum SÍ.

Um 4. gr.

Ákvæði um þau skákmót sem SÍ heldur er að finna nokkuð víða í gildandi skáklögum. Lagt er til að í nýrri 4. gr. verði tekin saman þau ákvæði sem gilda almennt um mót á vegum sambandsins og ákvæði um einstök mót komi svo í framhaldi af því. Þetta er gert í því skyni að gera framsetningu skýrari en nú er. Í tillögunni er 4. gr. skipt í sex liði sem auðkenndir eru a-f.

Um a-lið

Í a-lið eru talin upp mót sem SÍ skal standa fyrir árlega, þ.e. Skákþingi Íslands, Hraðskákmót Íslands, Atskákmót Íslands og Íslandsmót skákfélaga. Fram kemur að Skákþing Íslands skiptist í landsliðsflokk, áskorendaflokk, Íslandsmót kvenna (landslíðsflokk kvenna), barna- og ungmennaflokka og Íslandsmót öldunga. Hér er einkum byggt á ákvæðum 3. gr. gildandi skáklaga. Þar er þó ekki getið um Íslandsmót skákfélaga. Þá er byggt á núgildandi 8. gr. varðandi það atriði að kvennaflokkur Skákþings Íslands er einnig nefndur landsliðsflokkur kvenna. Enn fremur er bætt við ákvæði um Íslandsmót öldunga, enda venjan að það sé einnig haldið. Rétt þykir að þessi árlegu mót séu öll talin upp í sömu grein laganna.

Um b-lið

Í b-lið eru ákvæði um tímamörk. Þar er byggt á gildandi 13. gr. en engar teljandi efnisbreytingar gerðar. Þó er lögð til sú smávægilega breyting í setningunni um auglýsingu tímamarka að við bætist orðin „og fyrirkomulag móta að öðru leyti“.

Um c-lið

C-liður snýr að úrlausn um sigurvegara og röð keppenda að öðru leyti ef fleiri en einn enda jafnir. Þar er að verulegu leyti byggt á 5. gr. gildandi skáklaga. Þó er lagt til að fallið verði frá því skilyrði að reglur um úrlausn um sigurvegara þurfi að liggja fyrir með a.m.k. tveggja mánaða og þess í stað látið nægja að áskilja að þetta liggja fyrir með góðum fyrirvara fyrir mót, líkt og þegar gildir um önnur sæti sem veita mikilvæg réttindi. Þá er lagt til að þarna verði getið um að sérstakar reglur gilda að þessu leyti um Íslandsmót skákfélaga, sbr. 12. gr.

Um d-lið

Í d-lið er lagt til nýmæli þess efnis að þegar keppni í einstökum flokkum á Skákþingi Íslands er tímasett skuli þess gætt að flokkar sem sami keppandi á þátttökurétt í rekist ekki á. Tekið er fram að í þessu felist að keppni í kvennaflokki fari ekki fram á sama tíma og keppni í áskorendaflokki og heldur ekki á sama tíma og keppni í landsliðsflokki ef konur eiga keppnisrétt þar. Laganeftnd barst ábending frá kvennaskáknæftnd þess efnis að gæta þyrfti að því að þessu þegar keppni í kvennaflokki er tímasett. Jafnframt skuli Ungmennameistaramót Íslands ár hvert fara fram síðar en keppni í yngri aldursflokkum, enda ávinna sigurvegarar þeirra sér keppnisrétt á ungmennameistaramótinu, en þó verði heimilt að víkja frá því ef mismunandi aldursflokkar tefla á sama móti. Þar er m.a. haft í huga að stundum hefur ungmennameistaramóti Íslands verið skeytt saman við *Reykjavík Open*. Í ljósi þess að á umræddum mótum er keppt um stærstu titla sem í boði eru hér innanlands í einstaklingskeppni þykir laganeftnd rétt að lögfesta ákvæði sem tryggja að keppni í flokkum sem sami keppandi á þátttökurétt í rekist ekki á, en þó með þessum undantekningum.

Um e-lið

Í e-lið eru ákvæði um þátttökurétt og Íslandsmeistaratign. Þess er getið að þátttökuréttur á mótum á vegum SÍ sé almennt ekki skilyrtur við íslenskan ríkisborgararétt. Sambærilegt ákvæði er um Skákþing Íslands í 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að orðalagi verði breytt á þann veg að þetta gildi almennt um mót á vegum SÍ. Þar sem gildissvið reglunnar er að því leyti útvíkkað þykir rétt að geta þess jafnframt að sérstakar reglur gilda að þessu leyti um Íslandsmót Skákfélaga, sbr. 12. gr. Líkt og í 3. gr. gildandi skáklaga er tekið fram að sá einn geti hlotið Íslandsmeistaratign sem hefur heimild til að vera fulltrúi Íslands á alþjóðlegum mótum.

Í e-lið er einnig að finna ákvæði sem er í nógildandi 10. gr., þess efnis að ef vafi leikur á um þátttökurétt í einstökum mótum eða flokkum skeri stjórn SÍ úr. Þá er tekið fram að skjóta megi ákvörðunum stjórnarinnar þar að lútandi til dómstóls SÍ. Þar hefur orðalagi verið breytt því að í gildandi 10. gr. er ekki getið sérstaklega um málskot til dómstólsins um þetta en þess í stað kveðið á um að dómstóllinn úrskurði um „allan ágreining, sem upp kann að koma varðandi túlkun þessara skáklaga“. Eins og áður segir er lagt til að geti verði um þetta síðastneftnda í almennu ákvæði 3. gr. um úrskurðarvald um túlkun skáklaganna. Þar sem nýr e-

liður 4. gr. varðar aftur á móti þátttökurétt á mótum fer betur á því að þar sé einungis getið um málskot til dómstólsins varðandi þetta tiltekna atriði. Lagt er til nýmæli þess efnis að stjórn SÍ og dómstóll SÍ skuli leitast við að tryggja að niðurstöður um álitaefni af þessu tagi liggja fyrir áður en mót hefjast. Augljós rök hníga að því, svo ágreiningur af þessu tagi raski síður framkvæmd móta.

Um f-lið

Í f-lið kemur fram að stjórn SÍ ákveði hverju sinni þátttökugjöld og verðlaun á mótum á vegum sambandsins. Ákvæði sama efnis er nú í 3. gr.

Um 5. gr.

Greinin varðar landsliðsflokk Skákpings Íslands. Í upphafi er talið upp hverjir þar eiga keppnisrétt og er greinin að því leyti nokkurn veginn samhljóða gildandi 4. gr. Þó er lagt til að tekið verði fram í 1. tölulið að sá sem hafnaði í 4. sæti í flokknum árið áður sé varamaður þeirra þriggja sem öðlast keppnisrétt á grundvelli þess að hafa verið í þremur efstu sætum. Í gildandi lögum stendur „einn til vara“ og er þá væntanlega átt við þann sem var í 4. sæti. Því er um orðalagsbreytingu að ræða fremur en efnisbreytingu. Að sama skapi er lagt til að í 3. tölulið verði tekið fram að varamenn þeirra þriggja sem veljast á grundvelli skákstiga séu þeir tveir sem koma næstir þeir að stigum en í gildandi lögum stendur „tveir til vara“. Sömu rök liggja að baki þessari breytingu. Enn fremur er lagt er til að bætt verði við í 3. tölulið ákvæði þess efnis að miða skuli við virk skákstig, sbr. ábendingu á kynningarfundum 27. apríl.

Ákvæði um tilkynningu stjórnar SÍ um fjölda keppenda, val á keppendum og frest til að ákveða þátttöku eru nokkurn veginn samhljóða gildandi 4. gr. Þó er talað um „tveggja vikna“ frest í stað „hálfsmánaðar“ frests. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði um að stjórninni sé heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef mjög sérstakar aðstæður krefjast. Þar eru hafðar í huga aðstæður á borð við þær sem ríkt hafa 2020 og 2021, þar sem samkomutakmarkanir hafa aftrað því að hægt væri að skipuleggja mót með góðum fyrirvara.

Í gildandi 4. gr. er augljós villa þar sem segir að við val á keppendum „skv. 3. og 4. tl.“ skuli hafa skákstig og árangur á nýafstöðnum mótum til hliðsjónar. 4. töluliður lýtur að ungmennameistara Íslands sem á sjálfkrafa keppnisrétt á grundvelli þess að vera það. Því er ekki um það að ræða að stjórn SÍ velji hann til þátttöku á grundvelli umræddra atriða. Þá lýtur 3. töluliður að þremur stigahæstu mönnum landsins og varamönnum þeirra. Þeir veljast því á grundvelli stiga en ekki annarra atriða sem getið er um. Þess vegna er lögð til sú leiðrétting að í stað tilvísunar til 3. og 4. töluliðs sé vísað til 5. töluliðar, þ.e. þess töluliðar sem varðar aðra keppendur sem valdir eru af stjórn SÍ. Að öðru leyti eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á þessu.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði þess efnis að stjórn SÍ sé heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki og áskorendaflokki í eitt mót, enda hefur það stundum verið gert. Ábending um þetta atriði kom fram á kynningarfundum 27. apríl.

Lagt er til að sérstaklega verði tekið fram í greininni um landsliðsflokk að sigurvegari hans hlýtur nafnbótina *skákmeistari Íslands*.

Um 6. gr.

Greinin snýr að áskorendaflokki Skákbings Íslands. Eins og í 7. gr. gildandi laga er tekið fram að flokkurinn sé opinn öllum sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki.

Lagt er til að ákvæðið verði orðað á þann veg að umferðir skuli „að jafnaði“ vera níu, í stað þess að fortakslaust sé kveðið á um þann fjölda umferða að því gættu að fjöldi þátttakenda sé ekki undir 20. Lagt er til að bætt verði inn ákvæði um að stjórn SÍ sé við mjög sérstakar aðstæður heimilt að víkja frá því að boða til mótsins með tveggja mánaða fresti. Um það atriði vísast til þess sem segir í skýringum með sambærilegu ákvæði í 5. gr. um tímafresti sem varða landsliðsflokk.

Lagt er til að í greininni um áskorendaflokkinn verði tekið fram að tveir efstu keppendur hans vinni sér sæti í landsliðsflokki. Þetta kemur einnig fram í greininni um landsliðsflokkinn en að mati laganefndar fer vel á því að geta jafnframt um þetta í þeirri grein sem varðar áskorendaflokkinn, þannig að þar sjáist hvað keppt er um í honum.

Um 7. gr.

Greinin varðar Íslandsmót kvenna (landsliðsflokk kvenna) og er að mestu samhljóða gildandi 8. gr. Þó er bætt við ákvæði um að sigurvegari hljóti nafnbótina *Íslandsmeistari kvenna*.

Um 8. gr.

Greinin varðar barna- og ungmennaflokka Skákbings Íslands og er að mestu byggð á gildandi 9. gr. Framsetningu ákvæða um aldursskiptingu hefur verið breytt lítillega en ekki er um efnislegar breytingar að ræða hvað það varðar.

Bætt er við ákvæði þess efnis að í hverjum aldursflokk er efsta stúlkan krýnd Íslandsmeistari stúlkna og efsti drengurinn Íslandsmeistari drengja í aldursflokknum. Laganefnd barst ábending um að í gildandi lögum er þess getið að efsta stúlka í hverjum flokki skuli krýnd sem Íslandsmeistari en aftur á móti er ekkert minnst á að efsti drengurinn hljóti Íslandsmeistaratign. Nefndin telur að sjálfsgöðu rétt að bæta úr þessu. Það er gert með því að bæta inn umræddu ákvæði sem komi í stað gildandi ákvæðis. Þá er lögð til sú breyting að veittir skuli Íslandsmeistaratitlar fyrir sigur í hverjum aldursflokk í heild, án tillits til kyns. Þannig verði í hverjum aldursflokk veittir þrjú Íslandsmeistaratitlar, þ.e. til sigurvegara mótsins í heild og efstu einstaklinga af hvoru kyni.

Um 9. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýrri grein um Íslandsmót öldunga. Efnisatriði verði hin sömu og varðandi Hraðskákmót Íslands í 9. gr. og Atskákmót Íslands í 10. gr., þ.e. að stjórn SÍ ákveði tímasetningu og fyrirkomulag og sjái um framkvæmd mótsins og sigurvegari verði krýndur Íslandsmeistari öldunga.

Um 10. gr.

Greinin varðar Hraðskákmót Íslands og er samhljóða gildandi 11. gr.

Um 11. gr.

Greinin varðar Atskákmót Íslands. Lagt er til að greinin verði samhljóða 9. gr. um Hraðskákmót Íslands, að breyttu breytanda. Ákvæði um Atskákmót Íslands eru í 12. gr. gildandi laga. Þar er tekið fram að Atskákmót Íslands skuli haldið í einu þrepi, að öllum sé heimil þátttaka, að teflt sé með útsláttarfyrirkomulagi og að raðað sé í mótið samkvæmt atskákstigum og ákvæðum reglugerðar. Laganefnd telur ekki ástæðu til að viðhalda þessum sérstöku reglum um Atskákmót Íslands og leggur því til að það verði lagt í hendur stjórnar SÍ að ákveða fyrirkomulag hverju sinni, líkt og gildir um Hraðskákmót Íslands.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði þess efnis að sigurvegari hljóti nafnbótina *atskákmeistari Íslands*.

Um 12. gr.

Ákvæði gildandi skáklaga um Íslandsmót skákfélaga eru viðamikil og að mati laganevndar nokkuð sundurleit. Lagt er til að þessum ákvæðum verði safnað saman í 12. gr. nýrra skáklaga, þeim verði endurraðað og þau flokkuð eftir efnislegri samstöðu í níu liði sem auðkenndir eru a–i. Tilgangur þessa er að gera framsetningu reglna um mótið skýrari en nú er. Aftur á móti er tillögum um efnislegar breytingar á fyrirkomulagi mótsins haldið í lágmarki. Í gildandi skáklögum er greinilega gengið út frá því að keppni á Íslandsmóti skákfélaga sé tvískipt, án þess þó að þar séu bein fyrirmæli um það. Lagt er til að ákvæði sem vísa til tvískiptingar deildarinnar verði felld út og að þannig verði veitt svigrúm til að ákvarða annað fyrirkomulag ef ástæða þykir til, t.d. að þrískipta keppni í úrvalsdeild.

Um a-lið

Í a-lið eru almenn ákvæði um fyrirkomulag mótsins og þátttöku á því. Að mestu er byggt á gildandi 16. gr. en einnig bætt við ákvæði þess efnis að tilkynning um þátttöku sveita skuli berast stjórn SÍ í síðasta lagi 20 dögum fyrir upphaf mótsins.

Um b-lið

Í b-lið eru ákvæði um skiptingu í deildir og fjölda borða sem teflt er á. Þar er byggt á gildandi 17. og 18. gr. Lögð er til sú breyting að fjöldi sveita í 4. deild sé ótakmarkaður nema stjórn SÍ telji af sérstökum ástæðum þörf á að takmarka fjölda þeirra. Í gildandi 18. gr. segir að átta sveitir skuli vera í 4. deild en stjórn SÍ er þó heimilt að fjölga eða fækka sveitum ef henni þykir ástæða til. Lagt er til felld verði út heimild stjórnar SÍ til að fækka sveitum í 3. deild. Jafnframt er lagt til að stjórninni verði heimilt að ákveða annað keppnisfyrirkomulag en einfalda umferð í 3. og 4. deild ef það þykir henta betur miðað við fjölda þátttökusveita.

Sérákvæði vegna stofnunar úrvalsdeildar er fellt inn í b-lið 12. gr. og haldið óbreyttu að öðru leyti en því að það hefur verið aðlagð að því að keppni í úrvalsdeild hefst ekki tímabilið 2020–2021 heldur væntanlega 2021–2022. Lagt er til að tekið verði fram að sérákvæðin falli út úr lögnum eftir að keppni hefst á

grundvelli þess fyrirkomulags sem þar er lýst, enda hafa sérákvæðin þá lokið sínu hlutverki.

Um c-lið

Í c-lið er fjallað um röðun sveita á grundvelli liðsstiga og Íslandsmeistara skáklfélaga. Ákvæði um liðsstig eru í gildandi 17. gr. en hafa hér verið umorðuð. Lagt er til að tekið verði fram að félagið sem stendur að sveitinni sem sigrar í úrvalsdeild hljóti sæmdarheitið Íslandsmeistari skáklfélaga.

Um d-lið

Í d-lið er fjallað um færslu sveita milli deilda og byggt á gildandi 18. gr.

Um e-lið

E-liður varðar keppendaskrá SÍ, keppnisrétt og ágreining um lögmæti keppenda. Auk ákvæða í skáklögum og reglugerð eru ákvæði um keppendaskrána í 12. gr. gildandi laga SÍ. Að mati laganeftndar er ástæðulaust að hafa ákvæði um hana í lögum SÍ. Því er lagt til að þau efnisatriði sem þar eru og varða skrána verði færð yfir í skáklögin. Því er 1. mgr. e-liðar nánast samhljóða núgildandi 12. gr. laga SÍ. Ákvæði 2. mgr. eru nú í 19. og 20. gr. gildandi skáklaga, þess efnis að keppendur skuli vera skráðir í keppendaskrána sem félagsmenn þeirra félaga sem þeir tefla fyrir og að aðeins þeir sem eru í keppendaskránni teljist löglegir með viðkomandi félagi á Íslandsmóti skáklfélaga, en þó séu skákmenn sem eru óskráðir í félag og ekki með alþjóðleg skákstig undanþegnir því að þurfa að vera í keppendaskránni.

4. mgr. e-liðar snýr að félagaskiptum og samsvarar ákvæði gildandi 19. gr. um að tilkynningar um félagaskipti skuli berast 20 dögum fyrir upphaf mótsins. Þá er í 5. mgr. ákvæði sem einnig er í núgildandi 19. gr. og varðar frest til athugasemda vegna keppendaskrárinnar.

Í 5. mgr. eru ákvæði sem snúa að heimildum skákmanna til að ganga í félag eftir að hluta Íslandsmóts skáklfélaga er lokið og tefla fyrir félagið á síðari stigum mótsins. Ákvæðin eru að mestu sama efnis og ákvæði þar að lútandi í núgildandi 19. gr. Þó er horfið frá því að vísa í þessu sambandi til fyrri og síðari hluta mótsins, enda ekki lengur gert ráð fyrir að tvískipting mótsins verði bundin í skáklögin. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skiptingu mótsins í hluta í reglugerð.

Í 6. mgr. eru ákvæði um hámarksfjölda erlendra ríkisborgara í hverri viðureign, að undanskildum þeim sem átt hafa lögheimili hér á landi í 12 mánuði. Þessi ákvæði samsvara ákvæðum sem nú eru í 20. gr.

Í gildandi lögum er að finna í 18. gr. sérákvæði vegna mótsins sem hófst í október 2019. Fyrir liggur ákvörðun um að halda síðari hluta keppni í 1. og 2. deild 14.–16. maí 2021 og aflýsa keppni í 3. og 4. deild. Enn fremur hefur verið ákveðið að keppni í 1. og 2. deild verði aflýst ef ekki tekst að halda hana umrædda daga. Því er ljóst að móttinu verður lokið áður en til þess kemur að tillaga þessi verði tekin fyrir á aðalfundi SÍ. Því er ekki ástæða til að hafa sérákvæðið með í tillögunni.

Um f-lið

Í f-lið er fjallað um styrkleikaröðun keppenda. Samsvarandi ákvæði eru í 20. gr. gildandi laga.

Um g-lið

Ákvæðin varða mótsstjórn, málsmeðferð hennar og afleiðingar þess ef keppandi er úrskurðaður ólöglegur og er samhljóða gildandi 21. gr. að öðru leyti en því að orðalagi hefur verið breytt lítillega.

Um h-lið

Liðurinn varðar afleiðingar forfalla liða. Samsvarandi ákvæði eru nú í 20. gr.

Um i-lið

Kveðið er á um að stjórn SÍ setji reglugerð um nánari framkvæmd mótsins. Samhljóða ákvæði er nú í 22. gr.

Um 13. gr.

Greinin varðar skákstig. Gildandi ákvæði 14. gr. eru að nokkru leyti úrelt. Þar er kveðið á um að stjórn SÍ láti a.m.k. tvisvar á ári reikna skákstig fyrir íslenska skákmenn. Þar sem horfið hefur verið frá því að reikna íslensk skákstig sérstaklega telur laganefnd ekki ástæðu til að viðhalda þeirri reglu. Þess í stað er lagt til að með ítarlegri hætti en áður verði kveðið á um skyldur stjórnar SÍ hvað það varðar að koma upplýsingum um úrslit móta sem reikna á til stiga mánaðarlega til FIDE til útreiknings. Tekið er fram að þetta gildi um kappskákmót, atskákmót og hraðskákmót sem reikna skuli til stiga.

Um 14. gr.

Greinin varðar málefni landsliða og afreksfólks og er samhljóða núgildandi 15. gr. Rætt var um það í laganefnd hvort ástæða væri til að gera breytingar á umgjörð landsliðsmála en niðurstaðan varð sú að leggja ekki til breytingar þar að lútandi. Þó er lögð til orðalagsbreyting sem er ætlað að gera það skýrara en áður að réttur Íslandsmeistara kvenna til landsliðssætis miðast við kvennalandslið Íslands en ekki landslið Íslands í opnum flokki.

Um 15. gr.

Kveðið er á um að lögin taki þegar gildi og að með gildistöku þeirra séu eldri skáklög sambandsins fallin úr gildi.